



EIRÍKUR GUÐNASON

10. febrúar 2009

si 48955

Forsætisráðherra
Fr. Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

Efni: Bréf yðar dagsett 8. febrúar 2009

Ég þakka fyrir það sem þér segið í framangreindu bréfi um mig. Ennfremur fagna ég því, sem segir í bréfinu, að forsætisráðherra vilji tryggja svo sem kostur er að sem minnst röskun verði á starfsemi Seðlabanka Íslands við fyrirhugaðar stjórnskipulagsbreytingar. Í ljósi þessa stefni ég nú að því að biðjast lausnar frá embætti bankastjóra frá og með 1. júní næstkomandi og mun bréf því til staðfestingar verða sent í tæka tíð.

Virðingarfyllst

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Samrit:

Halldór Blöndal formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands